ORF Líftækni hf
Víkurhvarf 7
203 Kópavogur

Kópavogur, 10. ágúst 2026
Tilvísun: E51831

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: hronna@orf.is

## Eftirlitsskýrsla

| | |
|---|---|
| **Tilefni:** Reglubundið eftirlit | **Eftirlit framkvæmt:** 10.8.2026 |
| **Starfsleyfi:** Gildir til 25.9.2029 | **Starfsemi:** Erfðabreyting byggs |
| **Aðsetur:** Víkurhvarf 7 | **Kennitala:** 4202013540 |
| **Fulltrúi fyrirtækis:**<br>Hrönn Arnardóttir, gæðastjóri | **Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits**<br>Sunna Thoroddsen Friðriksdóttir, eftirlitsaðili |

### *Umfang eftirlits*

Eftirlit fór fram skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti nr. 550/2018, reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017, reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023, auk reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.
Stuðst var við almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sem eiga sér m.a. stoð í fyrrgreindri reglugerð og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

### *Niðurstöður eftirlits*

Umgengni hjá fyrirtækinu er til fyrirmyndar.

Efni sem notuð eru á rannsóknarstofu eru geymd í efnaherbergi, hættulegri efni eru geymd í lokuðum, loftræstum efnaskáp með lekabyttum í efnaherberginu og eru viðeigandi varúðarmerkingar á skápnum. Öryggisblöð fyrir öll hættuleg efni eru til staðar.

Í framleiðslurými er efnaskápur með lekabyttum og viðeigandi varúðarmerkingum.

Allur úrgangur fyrirtækisins er flokkaður og sér Terra um úrgangsmál fyrirtækisins. Kvittanir til staðfestingar á förgun spilliefna voru aðgengilegar við eftirlit.

Óskað er eftir að kvittun fyrir viðhaldi á sogrými berist á netfangið sunna@heilbrigdiseftirlit.is

*Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Öll eftirfylgni fer eftir gjaldskrá Heilbrigðiseftirlitsins. Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar á tölvupóstfangið hef@heilbrigdiseftirlit.is. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafresti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; www.heilbrigdiseftirlit.is.*

Virðingarfyllst,

Sunna Th. Friðriksd.

Sunna Thoroddsen Friðriksdóttir,
eftirlitsaðili.